


FLENSBORGARHAFNAR- OG ÓSEYRARSVÆÐI

RAMMASKIPULAG, NÖFN SVÆÐA.

8. Þrjú áherslusvæði – hvert með sín séreinkenni



Hafnartorg

Skipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur opnum svæðum á Flensborgarhöfn sem bæði tengjast hafnarbakkanum og miðlægri vistgötu. Hafnartorgið er þungamiðjan og aðal áfangastaðurinn, miðlægt og aðlaðandi almenningssvæði á milli Íshússins og hafnarbakkans. Íshúsið er mikilvægur hlekkur til að skapa stemningu, þar verður suðupottur fyrir nýsköpun og listir. Til að blása lífi í torgið er lagt til að götuhliðar húsa sem snúa að því séu opnar og virkar og að samskipti milli starfsmanna í húsunum og torgsins. Í þessu sambandi er æskilegt að opna Íshúsið á mótis við almenningssvæði og koma þar upp sýnilegri starfsemi þannig að húsið verði hluti af torginu t.d. hafa þar matamarkað, kaffihús, sýningarsal eða smáverslanir.

Notkun torgsins er breytileg og er það nógu stórt fyrir fjölmenna viðburði svo sem á sjómansdaginn, 17. júní, hafnarþaga og jóla- og matamarkað jafnt sem að þjóna gestum á virkum dögum. Sunnan við torgið er gert ráð fyrir aðstöðu smábátæigenda, aðkomu fyrir ökutæki og skammtímatæði. Torgið verður fullhannað í deiliskipulagi, en lagt er til að koma fyrir gróðri, bekkjum, fallegri lýsingu og jafnvel gosbrunni svo að mæliskvarðinn verði manneskjulegur og torgið verði notalegur og eftirsóttur áfangastaður.

Dæmi um notkun náttúrulegra efna.




Mynd sýnir lágstemmdan kvæða Hafnartorgsins og notkun náttúrulegra efna.



Slippurinn

Slippsvæðið fær nýtt hlutverk sem fjölnota rými og nýja umgjörð. Slippurinn getur bæði hýst viðburði sem og þjónað siglingarfólki.



Smábátahafnir

Ný smábátahöfn, **Hamarshöfn**, og Siglingarklúbburinn Þytur eru nærri miðbænum. Starfsemin lifgar upp á gongu- og hjólaleið meðfram Strandgötu, í upplifun fólks verður vegalengdin styttri og meira aðlaðandi sem hvetur til notkunar stiganna.

Náttúruleg efni notkun skapar staðarandi og stemningu

